

179.fundur fræðslunefndar haldinn í GSNB Hellissandi þann 23. mars 2015 og hófst hann kl. 19.30

Mætt Ari Bent, Gunnar Ólafur Sigmarsson, Örvar Marteinnsson, Þórunn Hilma Svavarsdóttir, Valentina Kay, Ingigerður Stefánsdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Magnús Þór Jónsson.

Valentina – Tónlistarskóli

- Í mars voru vorpróf. Vegna veikinda eiga 12 börn eftir að taka próf 16.apríl og 15.apríl er vorpróf í Lýsuhólsskóla.
- Vegna verkfalls á árinu 2014 vildu kennarar bæta við tónlistarlífið og Valentína skrifaði grein í Jökul um viðburðina.
- Þrír nemendur fóru í Stykkishólm á tónlistarhátíð þar sem tónlistarnemendur á Vesturlandi hittust að spila.
- 4. og 5. maí verða vortónleikar á Klifi.
- 8.maí fara 8., 9. og 10.bekkur til Reykjavíkur, fara á æfingu hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpunni, einnig verður farið á námskeið og tónleika. Ferðin er í boði foreldrafélags Tónlistarskólans.
- Nemendur taka þátt í mörgum viðburðum innan Snæfellsbæjar.
- 9.apríl er upplestrarkeppni í Ólafsvíkirkirkju og verður tónlistarskólinn með tónlistaratriði.
- Í lok maí verður stefnt að tónlistarkvöldi pop/jazz.
- Innritun næsta skólaárs verður í lok ágúst.

Ingigerður – leikskólar

- Búið er að sækja um stöðugildi fyrir fatlað barn í haust.
- Sameiginlegur starfsdagur leikskólanna verður 7.apríl og er heilsuefningardagur. Sigríður sjúkrapjálfi fer yfir líkamsbeitingu, næringarfræðingur fer yfir næringu og hollustu, Anna kennir barnajóga og Ari fer yfir tannheilsu.
- Öllu starfsfólki boðið að endurnýja samninga.

Önnur mál:

Ekki er enn búið að skipa í sameiningarnefnd. Fræðslunefnd telur æskilegt að nefndin verður skipuð sem fyrst.

Magnús – Sigurbjörg – GSNB

- Byrjuð á búnaðaráætlun, búið að kaupa eldavél, kæli og spjaldtölvur.
- Kjarasamningur kennara var samþykktur, breytingar á tíma og vinnuumhverfi. Fimm manna teymi kennara ásamt stjórnendum fara yfir málin.
- Starfsmannaviðtöl frestast til loka apríl.
- Mars er menningarlegur mánuður, árshátíðir og söngleikur. Söngleikur verður sýndur í Félagsheimilinu Röst og stefnan tekin á söngleik þriðja hvert ár.
- Skóladagatal næsta skólaárs verður lagt fyrir á næsta fundi .

Ytra mat:

- Tveir fulltrúar komu í janúar og tóku út þrjá þætti; stjórnun, nám og kennsla og innra mat. Í öllum grundvallaratriðum stendur skólinn vel. Skýrsla um matið verður gefin út í apríl.
- Skólinn sótti sérstaklega um að stoðþjónustan yrði einnig tekin út.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30.